



Húseignir

Bjarni Benediktsson – Húseignir – Ásvallagata 11, leigusamningur – Virðing á fasteigninni nr 11 og 11a
við Skólavörðustíg – Blönduhlíð 35

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-9, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi eyðublið fast í bóka-
verzlun Snæbjarnar Jóns-
sonar í Austurstræti 4.
Einnig lögg. skjalapappír.

Samningur um leigu á húsnæði.

Handhægar kvittanabækur,
almennar og undir húsa-
leigu, fast í bóka-verzlun
Snæbjarnar Jónssonar.

(Allskonar ritföng og pappírsvörur er gott að kaupa í bóka-verzlun Snæbjarnar Jónssonar)

Við undirrit höfum í dag komið okkur saman um svofeldan samning:

Jakob Þarnason sem er í samningi þessum framvegis
nefndur leigusali, leigir hjér með *Þjarni Benediktsson* sem í samningi
þessum nefnist leigutaki, húsnæði í húsinu nr. *11* við *Ásvallargötu* og skal leigutíminn
hefjast *1.* dag *október* mánaðar *1935* Uppsagnarfrestur er af beggja hálfu áskilinn *3* mán-
uðir, til ~~1. máí eða~~ *1. okt.* að telja. Uppsögn leigusamningsins skal vera skrifleg.

Nánar tiltekið er hið leigða húsnæði sem hjer segir:

*Næri hótin Ásvallargötu 11.
Sem er 3 stöfur Eldhús Badherbergi 1. herbergi á lofti
gámsla í Áfallara, aðgangur að þurklöfti og þvotta hús.*

Húsnæði þetta skal vera í góðu leigufæru ástandi, er leigutaki flytur í það, hreint og með hitatækjum og eldfær-
um eftir því, sem að ofan segir. Skulu eldfæri öll fullnægja lögmætum kröfum. Herbergi skulu vera hrein og þokkaleg,
lyklar að öllum hurðaskrám, og rúður heilar í gluggum. Skal og leigutaki, er hann flytur úr húsnæðinu, skila því að öllu
leyti í sama ástandi, að öðru en því, sem telja má að óumflýjanlega leiði af venjulegri notkun, eða stafa kann af orsök-
um, sem honum eða skylduliði hans verður ekki gefin sök á. Skuldbindur hann sig til að ganga vel og þrifalega um
eignina, utan húss og innan, fara varlega með ljós og eld og bæta að fullu það sem skemmast kann eða aflaga fer fyrir
vanhírðu, ógætni eða ótillýðilega meðferð af hálfu sjálfs hans eða hans heimamanna. Þarfnist húsnæðið viðgerðar meðan
hann er í því, skal honum skylt að hliðra svo til, að viðgerðum verði komið við. Ennfremur skal honum skylt að sýna
húsnæðið ákveðinn tíma á degi hverjum þeim er kunna að hafa hug á að taka það á leigu eða kaupa húsið. Heimilt skal
honum að leigja einhleypum einstök herbergi á sína ábyrgð og undir sinni umsjón.

Um upphitun, lýsingu, stigapvott o. s. frv. skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

*Eitt herbergi beþekkt
Hlidi og gánga hjás borgist eftir Reykningi hiti og hlíðsamkomul
Næri hót á að þrifa og bóa sýja ritur af sínu hót
Og átta vikuna edum pallin, og úslur dyrum forstafu-
smeglin, og súðugingin, og úslur af öppurnar.*

Leigan fyrir umrætt húsnæði er *Eitt hundrað sexsin 160.00* krónur á mánuði
og skal hún greidd *1* dag hvers mánaðar ~~efra~~ fyrirfram. Sje hún ekki greidd í rjettan gjalddaga, eða ef leigutaki
brýtur af sjer leigurjettinn, skal honum skylt að rýma húsnæðið tafarlaust, ef leigusali krefst þess; ella má leigusali eða
rjettur umboðsmaður hans láta bera hann út með aðstoð fógeta. Er þá og jafnframt fallin í gjalddaga öll leigan til þess
fardags, er næstur kemur, þannig að á honum hefði leigutaki getað flutt burtu með löglegum uppsagnarfresti, og skal
leigusali taka hana sem sekt fyrir samningsrof. Til tryggingar vangoldinni leigu getur leigusali við burtför leigutaka látið
kyrsetja muni hans eftir því sem lög ákveða. Hafi leigusali beðið meira tjón en greiddri leigu nemur, skal leigutaki bæta
honum það.

Verði vanefndir á því, að leigusali afhendi leigutaka húsnæðið til afnota á ofangreindum degi, skal leigutaka
heimilt að leita aðstoðar fógeta. Rjett skal honum og að sækja leigusala eða umboðsmann hans til skaðabóta, ef húsnæðið
er eigi tilbúið eða leigufært á umsömdum degi.

Þá hefir leigutaki brotið af sjer leigurjett sinn, ef hann spillir hinu leigða húsnæði eða truflar húsfrið annara með
hávaða eða ósæmilegu framferði og er þá fallin í gjalddaga leigan öll til næsta fardags þess, er hann hefði mátt flytjast
burtu með löglegum uppsagnarfresti.

Flytji leigutaki án tilverknaðar leigusala úr húsnæðinu án löglegs uppsagnarfrests, skal ógoldin leiga til næsta
fardags, þess er hann mátti löglega flytja þaðan, þegar fallin í gjalddaga. Eigi skal leigusali skyldur að leigja húsnæðið
öðrum þann tíma, er eftir var, en geri hann það, skal sú leiga, er hann þannig fær, að frádrægnum kostnaði, er hann
kann að hafa haft af skiftunum, dragast frá því, er hinn fyrri leigutaki borgar fyrir sama tíma.

Rísi mál út af samningi þessum, má reka það fyrir gestarjetti Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðilji sínu.

Reykjavík

1935

Jakob Þ. Þarnason
leigusali.

Þjarni Benediktsson
leigutaki.

Vottar:

Gleir met vitunbernist, að Bjarni Benediktsson hefur í dag sent upp frá 1. okt. í hirt sinni á Asvalla götu 11.

Reykjavík 29. júní 1936.

J. Bjarnason

Virðing

á fasteigninni nr. 11 og 11 A við Skólavörðustíg í Reykjavík.

Hinn 29. nóvember 1956 festi Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis kaup á fasteigninni nr. 11 og 11 A við Skólavörðustíg hjer í bæ. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi söluverðið ákveðast með matsgerð þriggja manna. Skyldu seljendur tilnefna einn matsmanna, kaupandi annan, en hinn þriðji vera borgardómarinn í Reykjaví. Samkvæmt því hafa undirritaðir verið kvaddir til þessa starfs, en svo er ákveðið í kaupsamningnum, að matsmenn skuli "meta fasteignina til verðs eftir gangverði eins og það er, er matið fer fram." Greiðsluhættir kaupverðs eru þeir, að kaupandi skuli greiða helming þess 1. maí 1957, en síðari helminginn með jöfnum árlegum afborgunum á þrem árum, og er fyrsti gjalddagi 1. maí 1958, en vextir 7%, sem reiknast frá 1. maí 1957.

Matsmenn hafa farið á vettvang og skoðað eignina, aflað sjer upplýsinga um söluverð fjölda fasteigna, þar á meðal eigna, sem telja mætti meira og minna sambærilegar við matseignina. Þá hafa þeir og kynnt sjer önnur þau atriði, sem þeir telja, að áhrif geti haft á matið.

.....

Lóðin er hornlóð við Skólavörðustíg, Vegamótastíg og Grettisgötu. Er lengd hennar með Skólavörðustíg 22,5 metrar, með Vegamótastíg 25,5 metrar og með Grettisgötu 31, 5 metrar. Flatarmál hennar allrar er 965 fermetrar og fasteignamat kr. 21.200.00. Á lóðinni mætti byggja stórhýsi fyrir verzlunir og skrifstofur. Neðri hluti Skólavörðustígs er nú orðin ein með beztu verzlunargötum í bænum, enda hefur verzlun færst mjög austur í bæinn hin síðari ár. Skifta þessi atriði mjög miklu um mat á verðgildi lóðarinnar.

Þegar allt framangreint er virt og annað það, sem hjer skirtir máli, svo og núverandi verðgildi peninga, þykir kaup-

verðið í heild hæfilega ákveðið kr. 2.470.000,00 - tvær miljónir,
fjögur hundruð og sjötíu þúsund krónur.

Reykjavík, 15. desember 1956.

Einar Arnalds.

Lárus Jóhannesson.

Guðl. Þorláksson.



Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.

Reykjavík -- Ísland

ALÍSLENSKT FJELAG

SÍMNEFNI: INSURANCE
REYKJAVÍK

SÍMAR: 1700 (PRJÁR LÍNUR)

BRUNADEILD

GÁ.

Reykjavík, 30. nóvember 1948

V I Ð A U K I

við brunatryggingarskírteini nr. 057323
gefið út handa Hr. Bjarna Benediktssyni,
fyrir 100.000.- króna brunatryggingu á innbúi og bókum.

Frá og með 23. nóvember 1948 verður neðantalin
breyting á nefndu skírteini:

Hið tryggða er flutt úr húsinu Tjarnargötu 32, Rvk.
(iðgj. taxti 4,8 ‰) í húsið Blönduhlíð 35, Rvk.,
(iðgj. taxti 1,8 ‰) sem er byggt úr steini, notað
til íbúðar.

Ber því tryggingartaka að greiða viðaukagjald iðgjalds-
endurgreiðslu er nemur 3 ‰ af kr. 100.000.- fyrir
tímabilið frá 23/11 '48 til 1/5 '49 = Kr. 131.67

Að öðru leyti helst tryggingin óbreytt í gildi.

Iðgjaldsendurgreiðsla Kr. 131.67

SJOVATRYGGINGARFJELAG ISLANDS H.F.

Brunadeild

Björn P. Leydas

Hr. utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson,

Blönduhlið 35,

REYKJAVÍK.

Viðauki v/skirt. nr. 0578B3

Lögjaldsendurgreiðsla Kr. 131.67

Sjóváttryggingarfélag Íslands†


Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 0167.033

Kennitala 47
Endurnýjunarkvittun



við skirteini nr.

057323

Umboð

lðgjald 1,8 0/00

= krónur 180.00

BRUNAEILD

Herri utanríkisráðh. Bjarni Benediktsson,
hefir greitt eitthundrað og áttatíu kr. 0/100 lðgjald fyrir endurnýjun á brunatryggingu samkæmt
váttryggingarskirteini nr. 057323 frá undirrituðu fjelagi, fyrir eins árs
timabil frá 1. maí 1949, og er því váttryggingin endurnýjuð til
1. maí 1950 kl. 12 á hádegi með óbreyttum skilyrðum og

sömu váttryggingarupphæð, sem sé

kr. ----- 100.000,00 -----

fyrir innbú og bækur.

Til athugasemur: Það telst ekki sem brunatjón, ef af tóbaks reykingum sviðnar eða brennur gat á fatnað, regnhlífar, teppi, dákka, gluggatjöld eða aðra munil, og eru slík tjón því eigi greidd.
Skemmdir á rafmagnsköfkönnum, stranjárum, útvarpstækjum og öðrum rafmagnstækjum, sem orsakast af ofhitun, skamblaupi eða öðrum rafmagnsstyrirbrigðum eingöngu, eru ekki skaðabóta-skyldar. (Sbr. alm. tryggingarskilm. 1. gr. 4. lið).

AUG 9 - 1949

f.h. SJÓVÁTRYGGINGARFJELAG ÍSLANDS H.F.ÍB


Váttryggingarsjædur:
BLÖNDUHLÍÐ 35, REYKJAVÍK.

Bökad:

E. E.

fltr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



BRUNAEILD

Endurnýjunarkvittun

Nr. 0180.204

við skirteini nr.

057323

Umboð

lðgjald 1,8 o/oo

= krónur 180.00

Hr. utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson,

hefir greitt eitthundrað og áttatíu króna lðgjald fyrir endurnýjun á brunatryggingu samkvæmt

vátryggingarskirteini nr. 057323 frá undirrituðu félagi, fyrir eins árs

tímabil frá 1. maí 195⁰, og er því vátryggingin endurnýuð til

1. maí 195¹ kl. 12 á hádegi með óbreittum skilyrðum og

sömu vátryggingarupphæð, sem sé

kr. ----- 100.000.00 -----

fyrir innbú og bækur

Til athugasemdar: Það telst ekki sem brunatjón, ef af tóbaksreykingum sviðnar eða brennur gat á fatnað, regnhlífar, teppi, dúka, gluggatjöld eða aðra muni, og eru því slík tjón eigi greidd

Skemmdir á rafmagnskaffikönnum, straujárnnum, útvarpstækjum og öðrum rafmagnstækjum, sem orsakast af ofhitun, skammhlaupi eða öðrum rafmagnsfyrirbrigðum eingöngu, eru ekki skaðabóta-skyldar. (Sbr. alm. tryggingarskilm. 1 gr. 4. lið).

Vátryggingarstaður:

BLÖNDUHLÍÐ 35, RVK.

Bókað:

as

f.h. SJÓVÁTRYGGINGARFJELAG ISLANDS H.F.

Bjarni Benediktsson

fltr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SJÓVÁTRYGGINGARFJELAG ÍSLANDS H.F.

SÍMNEFNI: } INSURANCE
TELEGRAMS }
TALSÍMI 1700
5 LÍNUR



STOFNAÐ 1918

PÓSTHÚSSTRÆTI 2
PÓSTHOLF 718
REYKJAVÍK

BRUNATRYGGING

Vátryggingarskráteini
nr. 057323

Umboð

Vátryggingarupphæð
kr. 100.000.-

Iðgjald
kr. 480.00

Hlutafjelaðið SJÓVÁTRYGGINGARFJELAG ÍSLANDS tryggir hjer með samkvæmt eftirfarandi almennum skilyrðum:

Hr. utanríkisráðherra Bjarna Benediktssyni,

samtals allt að krónum ----- HUNDRAD ÞÚSUND -----

fyrir neðantalda fjármuni:

INNÞÚ, (húsgögn, íveruföt, nærföt, sængurföt og önnur búslóð,
ennfremur allt er snertir húshald), PÍANÓ og MÁLVERK Kr. 70.000.-
BÆKUR " 30.000.-
Samtals Kr. 100.000.-

Ofangreint er geymt í húsinu nr. 32 við TJARNARGÖTU í REYKJAVÍK,
sem er byggt úr timbri, aljárnvarið að utan, notað til íbúðar.

Í stað skírteini nr. 041636 f. Kr. 50.000.-

Til athugunar: Það telst ekki sem brunatjón ef af tóbaksreykingum sviðnar eða brennur gat á fatnað, regnhlífar, teppi, dúka, gluggatjöld eða aðra muni, og eru slík tjón því eigi greidd.

Skemmdir á rafmagnskaffkönnum, straujárnnum, útvarpstækjum og öðrum rafmagnstækjum, sem orsakast af ofhitun, skammhlaupi eða öðrum rafmagnsfyrirbrigðum eingöngu, eru ekki skaðabótaskyldar. (Sbr. alm. tryggingarskilm. 1. gr. 4. lið).

Vátryggingin gildir fyrir eins árs tímabilið frá 1. maí 1948 til 1. maí 1949 kl. á hádegi

Hið árlega iðgjald er 4,8 0/100 = fjögurhundruðögáttatíu kr. 00/100 er greitt með þessari upphæð fyrir tímabilið til 1. maí 1949.

Reykjavík, 18. maí 1948



BRUNADEILD

Bókað: GG.

Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.
Kristján Sveinsson

ALMENNIR TRYGGINGARSKILMÁLAR.

1. gr.

Það, sem tryggingin nær til.

- Tjón, sem bætt verður.** (1.) Tryggingin nær til þess tjóns, sem eldsvoði, elding, gassprenging frá opinberri gasstöð og gufuketilssprenging (að katlinum, er springur, undanteknum) veldur á hinum vátryggðu munum, svo og til þess tjóns, er hlýzt af slökkvitilraunum og nauðsynlegum brottflutningi. Ennfremur bætist sanngjarn kostnaður við björgun og geymslu á hinum tryggðu munum og munir, er glatast við brunann.
- Undanþegin áhætta.** (2.) Undanþegið tryggingunni er tjón, sem verður í ófriði, uppreisn eða borgararóstum, svo og í eða eftir jarðskjálfta eða aðrar náttúrubyltingar, nema tryggingarþegi geti fært sönnur á, að orsakir tjónsins verði hvorki beint eða óbeint raktar til þessara atburða.
- Tjón, sem ekki bættast.** (3.) Tryggingin nær ekki til tjóns af eldi, er ekki verður talinn eldsvoði.
- (4.) Tjón á munum, sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, línstroku, þurrkun, reykingu eða þessháttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast, verður eigi bætt. Ekki bætist heldur tjón á rafmagnsvélum, leiðslum, tækjum — þar með talin útvarpstæki —, er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu — þar með talið span frá rafmögnum óveðri — nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.
- (5.) Tryggingin nær ekki til reksturstjóns eða annars óbeins tjóns.
- Tryggingarstaður.** (6.) Tryggingin nær aðeins til þess tjóns, sem verður á tryggingarstað þeim, sem skírteinið tilgreinir.
- (7.) Í tryggingunni er innifalið allt, sem er á tryggingarstaðnum, þegar það fellur undir það, sem tilgreint er, að tryggt sé.
- Undantekningar.** (8.) Þó nær tryggingin aldrei til eftirtaldrá muna, nema það sé ótvívert tekið fram, að þeir séu einnig tryggðir: púður og önnur sprengiefni, svo og flugeldar og efni í þá, peningar, verðbréf, stimpilmerki og önnur verðmerki, handrit, skjöl, teikningar og fyrirmyndir, ennfremur mótorknúin ökutæki.
- Munir, sem aðrir eiga.** (9.) Munir, sem tryggingarþegi á ekki, eru því aðeins innifaldir, að skírteinið beri áritun um það, og félagið getur þá krafist, að eigandi slíkra muna láti tryggingarþega ætíð koma fram fyrir sína hönd, þegar samið er um bætun.
- Kostnaður vegna ruðnings brunatófta.** (10.) Kostnaður við að ryðja brunatóftir er ekki innifalinn, nema það sé sérstaklega tekið fram í skírteininu.

2. gr.

Skilyrði meðan tryggingin stendur.

- Iðgjaldagreiðslur.** (1.) Ábyrgð félagsins hættir, ef fyrsta iðgjald greiðist ekki, þegar krafist er. Á sömu leið fer, ef seinna iðgjald greiðist ekki innan 10 daga eftir að krafist er.
- (2.) Nú er iðgjald vangaldið og er þá félaginu heimilt að segja upp tryggingunni eða innheimta iðgjaldið með aðstoð dómstólanna, ásamt kostnaði.
- Endurnýjun.** (3.) Tryggingar, sem gilda eitt ár í senn, halda áfram og endurnýjast af sjálfu sér, þangað til að þeim er sagt upp skriflega, mánuði áður en tryggingartímabilið rennur út, að minnsta kosti.
- (4.) Tryggingar, sem keyptar eru eða endurnýjaðar fyrir styttri tíma en eitt ár í senn, baka félaginu enga ábyrgð fram yfir lokadag.
- Tilkynninga- og verða má skylda.** (5.) Tryggingarþega ber að tilkynna félaginu eins fljótt og verða má:
- þegar tryggðir munir eru fluttir á annan stað en tilgreint er í skírteininu,
 - þegar með vitund tryggingarþega verða breytingar á áhættunni frá því, sem tilgreint er í skírteininu, og bruna-hættan eykst þessvegna á vátryggingarstaðnum,
 - þegar keypt er trygging á sömu munum annarsstaðar,
 - þegar á tryggðu fyrirtæki er keypt reksturstjónstrygging eða önnur trygging gegn óbeinu tjóni vegna afleiðinga eldsvoða,
 - þegar eigendaskifti verða að hinum tryggðu munum. Félagið tekur síðan ákvörðun um, með hvaða skilyrðum tryggingin geti haldið áfram.
- (6.) Séu hinir tryggðu munir samtímis tryggðir gegn eldsvoða í sjó- eða flutningavátryggingu, nær ábyrgð þessa félags aðeins til þess tjóns, sem eigi fæst bætt með slíkri tryggingu.
- Sjó- eða flutninga-trygging.** (7.) Félaginu er heimilt að láta skoða tryggingarstaðinn á meðan tryggingin stendur.

3. gr.

Þegar tjón verður.

- (1.) Þegar tjón verður, er tryggingarþega skylt að koma í veg fyrir eða takmarka tjónið eins og frekast má verða, og á sama hátt er félaginu heimilt að gera slíkar ráðstafanir.
- (2.) Tryggingarþega ber tafarlaust að tilkynna félaginu tjónið og síðan innan hálf mánaðar, ef hægt er, láta félaginu í té skýrslu um brennda og skemmda muni og einnig um óskemmda, ef félagið óskar þess.
- (3.) Tjón er gert upp á grundvelli kaupverðs á ný, rétt fyrir brunann, með sanngjörnum frádrætti vegna aldurs, notkunar, tísku, verðútlits, minnkaðrar nothæfni eða af öðrum ástæðum.
- (4.) Félaginu er aldrei skylt að inna hærri bætun af hendi en nægja til að bæta tjón það, sem orðið hefir.
- (5.) Nú eru hinir tryggðu munir meira virði en tryggingar-fjárhæðinni nemur, og verður tjónið þá aðeins bætt hlutfallslega.
- (6.) Nú er nokkur hluti þeirra muna, sem tryggðir eru samkvæmt þessu skírteini, einnig tryggðir með öðru skírteini, og skal þá fyrst og fremst nota tryggingarfjárhæð þessa skírteinis til að bæta tjón á þeim munum, sem hitt skírteinið nær ekki til. Þó skal skiftingin fara þannig fram, að yfir- eða undirtrygging, ef um slíkt er að ræða, komi sem jafnast niður á alla þá muni, er tryggðir eru.
- (7.) Hljóði skírteinið um fleiri liði en einn, er farið með hvern einstakan lið eins og tryggingu út af fyrir sig.
- (8.) Heimilt er bæði tryggingarþega og félaginu að láta óvilhalla matsmenn meta tjónið, og velja þá aðilar sinn manninn hvor. Á undan matsgerð kjósa matsmenn sér oddamann. Rísi ágreiningur milli matsmannanna, kemur oddamaðurinn til og fellir — innan takmarka ágreiningsins — úrskurð um þau atriði, sem matsmennirnir eru ósáttir um. Nú geta matsmenn ekki orðið á eitt sáttir um val oddamannsins, og skal þá yfirvaldið á staðnum útnefna hann.
- (9.) Matsmenn ákveða verðmæti munanna á undan og eftir bruna samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.
- (10.) Hvor aðili um sig greiðir sínum matsmanni ómakslaun, en oddamanni báðir til helminga.
- (11.) Félaginu er heimilt að taka skemmdan hlut gegn því að bæta hann því verði, sem hann var metinn fyrir brunann — sem og að greiða skaðabætur með samskonar munum (in natura) og koma skemmdum munum í sama lag sem fyrir brunann.
- (12.) Bótum fyrir skemmt eða brunnið hús skal verja til viðgerðar á húsinu eða endurbyggingar, nema komist sé að öðrum sérstökum skriflegum samningi við félagið, sem þó aðeins er hægt að gera með samþykki allra, sem veðrétt eiga í húsinu eða þinglýstan rétt. Húsið skal reisa að nýju á sama stað, nema lög banni. Er því ekki hægt að krefjast greiðslu bóta, fyrr en viðgerð eða endurbygging hefir farið fram eða að minnsta kosti er tryggð, að dómi félagsins.
- (13.) Þegar tjón hefir orðið, lækkar tryggingarfjárhæðin um skaðabótaupphæðina, fyrir þann tíma, sem eftir er af því tímabili, er iðgjaldið hefir verið greitt fyrir.
- (14.) Í hvert sinn er bætun hafa verið greiddar, er félaginu heimilt, með viku fyrirvara, að rifta tryggingunni gegn því að endurgreiða iðgjaldið hlutfallslega fyrir það, sem eftir er af tryggingarfjárhæðinni, frá því er tryggingin hætti og til lokadags þess tímabils, er iðgjald hefir verið greitt fyrir. Uppsögnin skal vera skrifleg og sendist eigi síðar en viku eftir að bætun voru greiddar.

4. gr.

Fyrirgert rétti til skaðabóta.

- (1.) Ef um tryggingarsvik er að ræða, glatast sérhver krafa á hendur félaginu. Sama gildir einnig, ef tryggingarþegi hefir orðið valdur að tjóninu af ásettu ráði eða í ölaði, sem hann sjálfur á sök á.
- (2.) Hafi tryggingarþegi ekki innan 6 mánaða, frá því að félagið hefir skriflega vísað kröfu um skaðabætur á bug, skotið málinu til hlutaðeigandi dómstóla, missir hann rétt sinn til skaðabóta.

Auk ofanritaðra almennra skilmála gilda eftirfarandi SÉRSTÖK SKILYRÐI UM INNSTOKKSMUNI.

- Heimilisfólk.** (1.) Nú hefir heimilisfólk tryggingarþega það, er hjá honum býr, ekki keypt tryggingu á munum sínum, og nær þá þessi trygging til þeirra. Leigjendur teljast ekki til heimilisfólks.
- Takmarkaðar bætun fyrir einstaka muni.** (2.) Einstakur munur er í frekasta lagi tryggður fyrir 15% af tryggingarfjárhæð innanstokksmuna og ekki fyrir meira en 3000 kr., nema hann sé tryggður sérstaklega fyrir hærri upphæð.

- (3.) Samkvæmt 3. lið í 1. gr. telst það ekki eldsvoði þá er sviðnar eða brennur gat á flík, teppi, dúka, gluggatjöld eða aðra muni og ekki er um eldsvoða að öðru leyti að ræða, og greiðast því engar bætun fyrir slíkt tjón.



BRUNAEILD

1/2
VÁTRYGGINGARSKIRTEINI Nr. 057323 UMBOD.....

Hr. utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson,

VÁTRYGGINGARSTAÐUR..... Tjarnargötu 32, Reykjavík.

IDGJALD KR. 480.00
STIMPILGJALD ———— 25.00
SÁMTALS KR. 505.00

VÁTRYGGINGARUPPHÆÐ KR. 100.000.00

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar

IDGJALD 480.00



VÁTRYGGINGARSKIRTEINI

1/5. 49

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blönduhlið

Stakkahlíð



Við undirritaðir, Atli Eiríksson, Ásmundur Vilhjálms-
son og Gústaf Ólafsson, í samningi þessum nefndir seljendur
og Guðlaugur Þorláksson skrifstofustjóri í Reykjavík, í samningi
þessum nefndur kaupandi, gerum hér með svofelldan

K a u p s a m n i n g :

1) Seljendur skuldbinda sig til að selja og kaupandi skuld-
bindur sig til að kaupa $\frac{1}{2}$ - hálf - húseignina nr. 35
við Blönduhlíð hér í bænum, eða nánar tiltekið efri
hæð hússins og rishæð, þar með talin geymsla í rishæð
ásamt lítilli geymslu í kjallara undir kjallarastiga,
ennfremur helming af öllum sameiginlegum göngum í
húsinu, leiðslum öllum, þvotta-, þurk- og miðstöðvar-
herbergi og meðfylgjandi lóðarréttindum.

2) Hinn seldi eignarhluti selst fullgerður að öllu leyti
bæði utan og innan og skal lóð hreinsuð af úrgangsefnum.
Allur frágangur skal vera vandaður. Kork skal vera á
gólfum á hæðinni en dúkur af B- þykkt á rishæðinni.
Gúmmí skal vera á stigum, málning skal vera fyrsta flokks
olíumálning, amerísk rafmagnseldavél skal vera í
eldhús verði hún fáanleg, ella rafhaeldavél. Húsið skal
vera múrhúðað að utan með skél. Bílskúr og standsetning
á lóð fylgir ekki með í kaupunum, en kaupandi skal hafa
rétt til að byggja bílskúr.

3) Kaupverð hins selda eignarhluta er kr. 250.000,00 - tvö
hundruð og fimmtíu þúsund krónur, sem kaupandi skuld-
bindur sig til að greiða eins og hér segir:

a. Við undirskrift kaupsamnings þessa
greiðir kaupandi í peningumKr. 80.000,00

b. Þegar afsal fer fram, sem gert er ráð
fyrir að verði 15. ágúst n.k. greiðir
kaupandi eftirstöðvar kaupverðsins
í peningum " 170.000,00

Kr. 250.000,00

4) Seljendur láta þess getið að á l. veðrétti á allri
eigninni hvíli skuld við firmað J. Þorláksson & Norðmann
að upphæð kr. 60.000,00. Skuldbinda seljendur sig til
að láta aflýsa þessari skuld fyrir 5. júní n.k.

5) Seljendur greiða heimtaugargjald fyrir rafmagn og skipu-
lagsgjald af eigninni.

6) Hinn seldi eignarhluti skal, að því tilskildu að efni
verði fánlegt, vera fullgerður hinn 15. ágúst n.k. og
skal þá afsal útgefið. Seljendur greiða alla skatta
og skyldur af eignarhlutanum til afsalsdags, en kaupandi
frá þeim tíma. Arð og afnot eignarhlutans skal kaupandi
hafa frá sama tíma.

7) Seljendur skuldbinda sig til, ef kaupandi óskar:

a. Að gefa út afsalsbréf til þess eða þeirra aðila,
sem kaupandi síðar kann að ákveða.

b. Að gefa afsal í tvennu lagi fyrir hinum selda
eignarhluta, annarsvegar fyrir hæðinni og
hinsvegar fyrir rishæðinni.

Ef afsal verður gefið út í tvennu lagi, skal
kaupverð hæðarinnar talið 190.000,00 og kaup-
verð rishæðarinnar kr. 60.000,00.

8) Kaupanda er kunnugt um það ákvæði í lóðarsamningnum,
að ekki má selja eignina þeim, sem fluttst hafa til
bæjarins eftir 8. sept. 1941, nema með sérstöku samþykki
bæjarráðs.

9) Rísi mál út af kaupsamningi þessum, má reka það fyrir
bæjarþingi Reykjavíkur, án undangenginnar sáttaumleitunar
fyrir sáttanefnd.

10) Af kaupsamningi þessum eru gerð og undirrituð tvö sam-
hljóða eintök og heldur hvor aðili sínu.

Til staðfestu nöfn okkar, undirrituð í viðurvist
tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 3. maí 1948.

Vitundarvottar:

Jóhanna Björnsdóttir
Dr. Sæmundur

Christófer Stefánsson

Benediktur Þellijónsson

Alf. Eiríksson

Lauti Þorláksson

Það er ósk mín að afsal fyrir hálfri eigninni

Blönduhlíð 35 samkv. framangreindum kaupsamningi
verði gefið út á nafn Bjarna Benediktssonar utanríkis-
ráðherra, Reykjavík.

Reykjavík, 27. okt. 1948.

Andr. Þorláksson

Samkvamt ofanrituðu höfum við í dag gefið
út afsal til herra utanríkisráðherra Bjarna Benedikts-
sonar.

D.u.s.

Þóroddur Erlingsson
Alfi Eiríksdóttir
Þorunn Erlingsson



ísk. 167.500

A f s a l s b r é f .



Við undirritaðir, Atli Eiríksson og Ásmundur Vilhjálms-
son byggingameistarar í Reykjavík, gjörum með bréfi þessu
kunnugt að við seljum hér með og afsölum til Bjarna Benedikts-
sonar utanríkisráðherra í Reykjavík, eignarrétti yfir 2 -
hálfri - húseigninni nr. 35 við Blönduhlíð hér í bænum, eða
nánar tiltekið efri hæð hússins og rishæð þar með talin geymsla
í rishæð ásamt lítilli geymslu í kjallara undir kjallarastíga,
ennfremur helmingur af öllum sameiginlegum göngum í húsinu,
leiðslum öllum, þvotta-, þurrk- og miðstöðvarherbergi og
hlutfallsleg lóðarréttindi. Minn seldi eignarhluti selst
fullgerður að öllú leyti, bæði að utan og innan og skal allur
frágangur vera vandaður. Lóðin skal hreinsuð af úrgangs-
efnum. Bílskúr og standsetning á lóð fylgir ekki með í
kaupunum, en kaupandi skal hafa rétt til að byggja bílskúr.

Kaupverð hins selda eignarhluta hefir kaupandi greitt að fullu.

Vegna þinglesturs- og stimpilgjalds skal tekið fram, að fasteignamat hins selda eignarhluta með lóð er kr. 33.500,00.

Seljandi greiðir heimtaugargjald fyrir rafmagn svo og skipulagsgjald af eigninni.

Kaupanda er kunnugt um það ákvæði í lóðarsamningi að ekki má selja eignina þeim sem fluttst hafa til bæjarins eftir 15. sept. 1941 nema að samþykki bæjarráðs komi til.

Kaupandi skal hafa arð og afnot hins selda eignarhluta frá undirskriftardegi afsalsbréfs þessa og greiðir jafnframt af eigninni skatta og skyldur frá sama tíma.

Rísi mál út af afsalsbréfi þessu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, án undangenginnar sáttaumleitunar fyrir sáttanefnd.

Af afsalsbréfi þessu eru gerð og undirrituð tvö samhljóða eintök og heldur hvor aðili sínu.

Til staðfestu nöfn okkar, undirrituð í viðurvist tveggja votta.

Reykjavík, 27. október 1948.

Vitundarvottar:

Stephanía Kjartansd.
Kjartan Kjartansd.

Atli Eiríksson

Bjarni Benediktsson

Stofnun Bjarne Benediktssonar í Reykjavík

Somþykktur
Gustaf Jónsson

Móttakið 29/10 1948 kl. 11¹⁰
og fært í veðmalaskrá Reykjavíkur s.d.
Merkt: Litra C6 nr. 150
Gjald kr. 386.-
Stimpilgjald — 3.350.-
Samtals 3.686

Eigendaskifta er getið.
Léðarskrárritarinn í Reykjavík 29/10 '48
Gjald kr. 2.-
Greitt Helgi Jónsson

Greitt.

BORGARSKJALASAFNINN
Í REYKJAVÍK

K A U P S A M N I N G U R

Við undirrituð, Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, til heimilis að Blönduhlíð 35 í Reykjavík, í samningi þessum nefndur seljandi, og Sigríður og Elín Jónsdætur, báðar til heimilis að Ránargötu 12 í Reykjavík, í samningi þessum nefndar kaupendur, gerum hér með svofelldan kaupsamning:

Seljandi skuldbindur sig til þess að ~~kaupa~~ selja, og kaupendur skuldbinda sig til þess að kaupa alla efri hæð hússins nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, ásamt öllu múr- og naglföstu og venjulegu fylgifé. Hinni seldu íbúð fylgir sér-geymsla undir kjallarastiga. Einnig fylgir réttur til að reisa bílskúr á lóðinni. Stigi af neðri hæð upp á efri hæð skiftist þannig að eigandi efri hæðar telst eiga 2/3 hluta, en eigandi rissins 1/3.

Ennfremur fylgja hinu selda að 1/3 - einum þriðja hluta - á móti öðrum eigendum hússins: Leigulóðarréttindi, þvottaherbergi í kjallara og miðstöðvarklefi í kjallara ásamt hitunartækjum, svo og sameiginlegir gangar og stigi í kjallara. Rafmagnsþvottapottur í þvottaherbergi fylgir einnig að 1/3 hluta.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er nú, og kaupandi hefur kynnt sér.

Kaupverð alls hins selda er umsamið Kr. 400.000,00 - fjögur hundruð þúsund krónur - og greiðist það svo sem hér segir:

- | | | | |
|----|---|----------------|---------------|
| 1. | Kaupendur greiða í peningum við undirskrift þessa sammings,..... | Kr. 100.000,00 | |
| 2. | Hinn 14. Maí næstkomandi greiða kaupendur í peningum,..... | Kr. 150.000,00 | |
| 3. | Kaupendur taka að sér að greiða þessar veðskuldir, sem hvíla á hinni seldu eign: | | |
| | Eftirstöðvar af skuld við Sparisjóð Reykjavíkur og Nágrennis samkvæmt veðbréfi dags. 26. Október 1948, upphaflega að upphæð Kr. 50.000,00, nú að eftirstöðvum Kr. 39.000,00. Á afsalsdegi, 14. Maí n.k., verður skuld þessi hins vegar aðeins Kr. 38.000,00, og er það upphæðin, sem kaupandi tekur að sér að greiða. Skuld þessi er nú tryggð með 1. vöðrétti í efri hæð og rishæð Blönduhlíðar 35, en verður eftir afsalsdag tryggð með veði í hinum selda eignarhluta einungis,..... | | Kr. 38.000,00 |
| 4. | Hinn 14. Janúar 1956 greiða kaupendur í peningum,..... | Kr. 50.000,00 | |

Fluttar Kr. 338.000,00

/verte.

Fluttar Kr. 338.000,00

5. Eftirstöðvar kaupverðsins, Kr. 62.000,00,
greiða kaupendur með árlegum afborg-
unum á næstu 10 - tíu - árum frá af-
salsdegi að telja. Greiða þeir 7%
ársvexti af skuldinni og skal hún
tryggð með II. veðrétti í hinni seldu
eign,..... Kr. 62.000,00

Samtals Kr. 400.000,00
=====

Hin selda eign skal öll laus vera til afnota 14. Maí næstkomandi. Taka kaupendur við eigninni þann dag og hirða frá þeim tíma arð hennar og greiða af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út 14. Maí næstkomandi, er kaupendur hafa fullnægt skuldbindingum sínum samkv. framanskráðu.

Hin selda eign telst vera 1/3 hluti allrar fasteignarinnar nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, og greiða kaupendur 1/3 allra sameiginlegra gjalda vegna eignarinnar og viðhaldskotnað, að svo miklu leyti, sem hann er sameiginlegur, sömuleiðis að 1/3 hluta, nema viðhald á stiga af neðri hæð upp á efri hæð er greiðist að 2/3 af kaupendum en að 1/3 af eiganda rishæðarinnar.

Skuldin samkv. 4. lið hér að framan skal tryggð með III. veðrétti í hinni seldu eign. Greiðir kaupandi 7% ársvexti af skuldinni til gjalddaga.

Kaupendur ábyrgjast efndir þessa sammings önnur fyrir báðar og báðar fyrir aðra.

Seljandi greiðir kaupendum 7% ársvexti af greiðslunni samkv. 1. lið þessa sammings frá greiðsludegi til afsalsdags.

Fara skal eftir mati sérfróðra manna um skiftingu hitunar-
kostnaðar milli hæðarinnar og rishæðarinnar. Seljandi áskilur sér rétt til að stækka ^{sta setja} kvísti á risið ef hann kýs.

Kaupendum er kunnugt um, að án sérstaks leyfis bæjarráðs Reykjavíkur er óheimilt að selja eign þessa þeim, er flutzt hafa til Reykjavíkur eftir 9. September 1941.

Að öðru leyti en að framan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda.

Kaupendur greiða stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfa.

Til staðfestu eru nöfn kaupenda og seljanda undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 22. Október 1954.

Vitundarvottar:

Vagn E. Jónsson

Þorvaldur Jónsson

Bjarni Benediktsson

Elis Jónsdóttir

Sigrún Jónsdóttir

T r y g g i n g a r b r é f .

Við undirritaðar, Elín og Sigríður Jónsdætur, Ránargötu 12, Reykjavík, gerum kunnugt:

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu víxilskuldar samkvæmt víxli að fjárhæð Kr. 50.000,00 - fimmtíu þúsund krónur - , útgefnum í dag af herra Bjarna Benediktssyni, dómsmálaráðherra, Blönduhlíð 35, Reykjavík, en samþykktum af okkur með gjalddaga hinn 14. Janúar 1956, og ábektum af útgefanda, veðsetjum við handhafa hans allan eignarhluta okkar í fasteigninni nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, en hann er nánar tiltekið, öll efri hæð húseignarinnar ásamt öllu múr- og naglföstu og venjulegu fylgifé, eða eins og honum er nánar lýst í afsalsbréfi til okkar dagsettu í dag. Fasteignina veðsetjum við og með öllum síðari viðaukum og endurbótum, sem fram kunna að fara á henni.

Ofangreinda fasteign okkar veðsetjum við með III. - þriðja - veðrétti og uppfærslurétti, næst á eftir:

1. Veðskuld við Sparisjóð Reykjavíkur og Nágrennis, Reykjavík, samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu 26. Nóvember 1948, upphaflega að upphæð Kr. 50.000,00, en nú að eftirstöðvum Kr. 38.000,00 - þrjátíu og átta þúsund krónur - og tryggð er með I. - fyrsta - veðrétti í hinni veðsettu fasteign, og

2. Veðskuld samkvæmt handhafaveðskuldabréfi útgefnu í dag að upphæð Kr. 62.000,00 - sextíu og tvö þúsund krónur - og tryggð er með II. - öðrum - veðrétti og uppfærslurétti í hinni veðsettu fasteign.

Skylt skal okkur að halda hinni veðsettu fasteign vel við og hafa hana jafnan vátryggða gegn eldsvoða, en veðrétturinn nær einnig til vátryggingarfjárhæðarinnar ef eignin skyldi skemmast eða fara forgörðum af völdum eldsvoða.

okkar

Verði bú ~~mitt~~ tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, eða ef hin veðsetta fasteign rýrnar að mun, eða ef aðrir skuldheimtumenn okkar ganga að því, eða ef við vanrækjum greiðslur vátryggingariðgjalda, er skuld þessi þegar öll fallin í gjalddaga og getur veðhafi þá, eins og ávallt þegar skuldin er í gjalddaga fallin, tekið veðið fjárnámi án dóms eða sáttar, samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885, eða selt það á nauðungaruppboði án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949.

Mál, sem rísa kunna út af víxilskuld þessari eða veðsetningu, má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Veðsetning þessi nær á sama hátt til endurnýjunarvíxla fyrir skuld þessari og gildir hvort sem lánið verður endurnýjað að meira eða minna leyti, einu sinni eða oft, með sömu eða öðrum víxilskuldurum, fleiri eða færri.

Reykjavík,

Virðingarfyllst:

A F S A L S B R É F

Ég undirritaður, Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, Blönduhlíð 35, Reykjavík, sel hér með og afsala Elínu og Sigríði Jónsdætrum, Ránargötu 12, Reykjavík, allri efri hæð húseignarinnar nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, ásamt öllu múr- og naglföstu og venjulegu fylgifé, svo og sér-geymslu undir kjallarastiga, eignarrétti að 2/3 hlutum á móti eiganda rishæðarinnar yfir stiga, sem liggur af neðri hæð og upp á efri hæð hússins, og rétti til þess að reisa bílskúr á lóð hússins. Hinni afsöluðu fasteign fylgir ennfrémur að 1/3 - einum þriðja hluta - á móti öðrum eigendum hennar: Leigulóðarréttindi, þvottaherbergi í kjallara og miðstöðvarklefi í kjallara, ásamt hitunartækjum, sameiginlegir gangar og stigi í kjallara, og rafmagnsþvottapottur í þvottaherbergi.

Ofangreind fasteign er seld í því ástandi, sem hún er nú, enda hafa kaupendur kynnt sér það og samþykkja hér með að öllu leyti.

Kaupverðið hafa kaupendur greitt mér að fullu, m. a. með því að taka að sér að greiða veðskuld við Sparisjóð Reykjavíkur og Nágrennis, Reykjavík, samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu 26. Október 1948, upphaflega að upphæð Kr. 50.000,00, en nú að eftirstöðvum Kr. 38.000,00 - - þrjátíu og átta þúsund krónur - og tryggð er með I. - fyrsta - veðrétti í hinni afsöluðu fasteign.

Hin afsalaða fasteign telst vera 1/3 hluti allrar fasteignarinnar nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, og ber kaupendum að greiða 1/3 allra sameiginlegra gjalda vegna eignarinnar og viðhaldskostnaðar að svo miklu leyti sem hann er sameiginlegur, nema viðhald á stiga af neðri hæð upp á efri hæð, sem kaupendur greiða að 2/3 hlutum.

Ég áskil eiganda ~~efr~~ rishæðarinnar rétt til þess að stækka eða setja kvisti á risið ef hann kýs.

Sú kvöð hvílir ennfrémur á hinni afsöluðu fasteign, að án sérstaks leyfis bæjarráðs Reykjavíkur, er óheimilt að selja hana þeim, er flutzt hafa til Reykjavíkur eftir 9. September 1941.

Að öðru leyti en hér að ofan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda.

Með tilvísun til ofanritaðs, lýsi ég Elínu og Sigríði Jónsdætur, Ránargötu 12, Reykjavík, rétta og lögmata eigendur ofangreinds eignarhluta í fasteinginni nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, og taka þær,

/verte

frá og með deginum í dag að telja, að greiða af honum skatta og skyldur og hirða af honum einar allan arð.

Rísi mál út af afsalsbréfi þessu, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, án þess að leggja þurfi það fyrir sáttamenn.

Til staðfestu rita ég nafn mitt hér undir í viðurvist tveggja vitundarvotta, og kaupendur til sambykkis.

Reykjavík,

Vitundarvottar:

Framangreindu sambykkar
sem kaupendur:
D . u . s .

K a u p s a m n i n g u r .

Við undirrituð, Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra,
til heimilis að Blönduhlíð 35 í Reykjavík, í samningi
þessum nefnd urseljandi, og Sigríður og Elín Jónsdóttur, báðar
til heimilis að Ránargötu 12 í Reykjavík, í samningi
þessum nefnd ar kaupandi, gerum hér með svofelldan kaupsamning:

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja, og kaupandi til
þess að kaupa, neðanskráða eign seljanda:

Alla efri hæð hússins nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, ásamt öllu múr- og naglföstu og venjulegu fylgifé. Hinni seldu íbúð fylgir sér-geymsla undir kjallarastiga. Einnig fylgir réttur til að reisa bílskúr á lóðinni (helming af tvöföldum bílskúr). Stigi af neðri hæð upp á efri hæð skiftist þannig að eigandi efri hæðar telst eiga 2/3 hluta, en eigandi rissins 1/3.

Ennfremur fylgja hinu selda að 1/3 -einum þriðja hluta- á móti öðrum eigendum hússins: Leigulóðarréttindi, þvottaherbergi í kjallara og miðstöðvarklefi í kjallara ásamt hitunartækjum, svo og sameiginlegir gangar og stigi í kjallara. Rafmagnsþvottapottur í þvottaherbergi fylgir einnig, að 1/3 hluta.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er í nú og kaupandi hefur kynnt sér.

Kaupverð alls hins selda er umsamið kr. 400.000,00-----

-----fjögur hundruð þúsund krónur-----

og greiðist það svo sem hér segir:

1. Kaupandi greiðir í peningum við undirskrift þessa samnings, eitt hundruð þúsund krónur.... 100.000,00
2. Hinn 14. maínæstkomandi greiðir kaupandi í peningum, eitt hundruð og fimmtíu þúsund krónur 150.000,00
3. Kaupandi tekur að sér að greiða þessar veðskuldir, er hvíla á hinu seldu eign:

Eftirstöðvar af skuld við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis samkvæmt veðbréfi dags. 26. ~~nóvember~~ október 1948, upphaflega að upphæð kr. 50.000,00, nú að eftirstöðvum kr. 39.000,00. Á afsalsdegi, 14. maí n.k. verður skuld þessi hinsvegar aðeins kr. 38.000,00, og er það upphæðin er kaupandi tekur að sér að greiða. Skuld þessi er nú tryggð með I. veðrétti í efri hæð og rishæð Blönduhlíðar 35, en verður eftir afsalsdag tryggð með veði í hinum selda eignarhluta einungis.....

4. Hinn 14. nóvember 1955 greiðir kaupandi í peningum fimmtíu þúsund krónur..... 50.000,00
5. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 62.000,00

greiðir kaupandi með árlegum afborgunum á 10

/frá afsalsdeginaestu árum./ Greiðir hann 7% vexti af að telja

skuldinni og skal hún tryggð með II.veðrétti í hinu seldu eign

62.000,00

Samtals Kr. 400.000,00
=====

Hin selda eign skal öll vera laus til afnota 14. maí næstkomandi. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur. Afsal skal gefið út 14. maí næstkomandi, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum skv. framanskraðu.

Hin selda eign telst vera 1/3 hluti allrar fasteignarinnar, og greiðir kaupandi 1/3 allra sameiginlegra gjalda vegna eignarinnar og viðhaldskostnað, að svo miklu leyti sem hann er sameiginlegur, sömuleiðis að 1/3 hluta, nema viðhald á stiga af neðri hæð upp á efri hæð er greiðist að 2/3 af kaupanda en að 1/3 af eiganda rishæðarinnar.

Skuldin skv. 4. lið hér að framan skal tryggð með III. veðrétti í hinni seldu eign. Greiðir kaupandi 7% ársvexti af skuldinni til gjalddaga

Kaupendur ábyrgjast efndir þessa samnings önnur fyrir báðar og báðar fyrir aðra.

Seljandi greiðir kaupanda 7% ársvexti af greiðslunni skv. 1. lið þessa samnings frá greiðsludegi til afsalsdags.

Uta kostnaður eftir mati kunnáttu-manns.

Kaupanda er kunnugt um, að án sérstaks leyfis bæjarráðs Reykjavíkur er óheimilt að selja eign þessa þeim, er flutzt hafa til Reykjavíkur eftir 9. September 1941.

Að öðru leyti en að ofan greinir er eignin seld án kvaða eða veðbanda.

Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu afsals og veðskulda-bréfa.

Til staðfestu eru nöfn kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík,

Vitundarvottar:

V E D S K U L D A B R É F

Við undirritaðar, Elín og Sigríður Jónsdóttur, Ránargötu 12, Reykjavík, viðurkennum hér með að skulda handhafa þessa veðskuldabréfs Kr. 62.000,00 - sextíu og tvö þúsund krónur - .

Skuld þessa skuldbindum við okkur til þess að greiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 - tíu - árum, með gjalddaga 14. Maí ár hvert, í fyrsta skipti hinn 14. Maí 1956.

Í vexti af skuld þessari, eins og hún er á hverjum tíma, skuldbindum við okkur til þess að greiða 7% - sjö af hundraði-ársvexti frá 14. Maí 1955 að telja, og greiðast þeir eftir á, í sama gjalddaga og afborganirnar.

Til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu höfuðstóls og vaxta ofanritaðrar skuldar, svo og öllum þeim kostnaði, sem leiða kann af vanskilum okkar og okkur ber að greiða að skaðlausu, veðsetjum við skuldareiganda allan eignarhluta okkar í fasteigninni nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, en það er öll efri hæð hússins ásamt öllu múr- og nagl-föstu og venjulegu fylgifé, svo og sérgeymslu undir kjallarastiga, eða að öllu leyti eins og honum er lýst í afsalsbréfi til okkar útgefnu í dag. Fasteignina veðsetjum við og með öllum síðari viðaukum og endurbótum, sem fram kunna að fara á henni.

Fasteignina veðsetjum við með II. - öðrum - veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir veðskuld við Sparisjóð Reykjavíkur og Nágrennis, Reykjavík, samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu 26. Nóvember 1948, upphaflega að upphæð Kr. 50.000,00, en nú að eftirstöðvum Kr. 38.000,00 - þrjátíu og átta þúsund krónur - og tryggð er með I. - fyrsta - veðrétti ^{veðsettu} í hinni ~~afsettu~~ fasteign.

Skýlt skal okkur að halda hinni veðsettu fasteign vel við og hafa hana jafnan vátryggða gegn eldsvoða, en veðrétturinn nær einnig til vátryggingarfjárhóðarinnar ef eignin skyldi brenna eða fara forgörðum af völdum eldsvoða.

Stöndum við ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af ofangreindri veðskuld, nákvæmlega á tilteknum gjalddögum, er hún öll í gjalddaga fallin án fyrirvara. Sama gildir og ef veðið rýrnar að mun eða aðrir skuldheimtumenn okkar ganga að því eða bú okkar verða tekin til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Þegar skuldin er í gjalddaga fallin, getur veðhafi ávallt látið

taka hina veðsettu fasteign fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar samkvæmt 15. gr. laga nr. 29, 1885, eða selja hana á opinberu uppboði án dóms, sáttar og aðfarar samkvæmt 1. gr. laga nr. 57, 1949.

Mál, sem rísa kunna út af skuld þessari eða veðsetningu, má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85, 1936.

Til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík,

Vitundarvottar:

11. feb.

1955

Í dag hefir hr. Bjarni Benediktsson, ráðgjafi
greitt mér sölulánum vegna ríshæðar í
Blönduhlíð 35

þrjú þúsund og fimmm hundruð krónur —
sem hér með viðurkennist.

Kr. 3500.00

Uggd. Jónsson

K a u p s a m n i n g u r.

Við undirritaðir, Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra, Blönduhlíð 35 í Reykjavík, í samningi þessum nefndur seljandi, og Páll Pálsson, bryti, Leifsgötu 8 í Reykjavík, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerum hérmeð svofelldan kaupsamning:

Seljandi skuldbindur sig til að selja, og kaupandi til að kaupa alla rishæð hússins nr. 35 við Blönduhlíð í Reykjavík, ásamt öllu múr-og naglföstu og venjulegu fylgifé. Réttindi til að reisa bílskúr á lóðinni fylgir ekki hinum selda eignarhluta að neinu leyti. Stigi af neðri hæð upp á efri hæð skiftist þannig, að eigandi rishæðarinnar telst eiga hann að 1/3 hluta, en eigandi efri hæðarinnar að 2/3 hlutum. Stigi upp í risið fylgir rishæðinni.

Ennfremur fylgja hinu selda að 1/6 -einum sjötta - hluta á móti öðrum eigendum hússins: Leigulóðarréttindi (með þeirri takmörkun, er af því leiðir að lóð undir bílskúr er undanþegin), þvottaherbergi í kjallara og miðstöðvarherbergi í kjallara ásamt hitunartækjum, svo og sameiginlegir gangar og stigar í kjallara. Rafmagnsþvottapottur í þvottaherbergi fylgir einnig, að 1/6 hluta.

Eignin er seld í því ástandi, sem hún er í nú, og kaupandi hefur kynnt sér og samþykkir. Ekkert eldhús er í hinni seldu rishæð, en kaupanda er frjálst að breyta einu herberginu í eldhús ef hann kys, en allur tilkostnaður við það er seljanda óviðkomandi.

Kaupverð hins selda eignarhluta er umsamið kr. 175.000,00 -eitt hundr- að sjötíu og fimm þúsund krónur- og skal það greiðast þannig:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Kaupandi greiðir í peningum við undirritun þessa samnings kr. 50.000,00 -fimmtíu þúsund krónur..... | kr. 50.000,00 |
| 2. Hinn 14. maí þessa árs greiðir kaupandi í peningum kr. 50.000,00 -fimmtíu þúsund krónur..... | " 50.000,00 |
| 3. Hinn 14. maí þessa árs, um leið og kaupandi fær afsal, skal hann afhenda seljanda skuldbréf að upphæð kr. 75.000,00 -sjötíu og fimmþúsund krónur-, er tryggt skal vera með fyrsta veðrétti í hinu selda. Bréf þetta skal greiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fimm árum frá afsalsdegi, og skulu greiðast af því 7% ársvextir, er greiðast skulu árlega eftir á, um leið og afborganirnar..... | " 75.000,00 |

Alls krónur 175.000,00

Hin selda eign skal öll vera laus til afnota fyrir kaupanda hinn 14. maí þessa árs. Tekur kaupandi við eigninni þann dag, og hirðir frá

þeim tíma arð af henni og greiðir af henni skatta og skyldur.

Afsal skal gefið út hinn 14. maí þessa árs, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt framanrituðu.

Hinn seldi eignarhluti telst vera 1/6 -einn sjötti- hluti allrar fasteignarinnar nr. 35 við Blönduhlíð, og greiðir kaupandi 1/6 -einn sjötta - hluta allra sameiginlegra gjalda vegna eignarinnar og alls viðhaldskostnaðar, að svo miklu leyti, sem hann er sameiginlegur. Viðhald á stiga af neðri hæð upp á efri hæðina greiðir kaupandi þó að 1/3 -einum þriðja- hluta.

Seljandi greiðir kaupanda 7% ársvexti af þeirri greiðslu, er getur um í 1. lið hér að framan frá greiðsludegi til afsalsdags.

Fara skal eftir mati sérfróðra manna um skiftingu hitunarkostnaðar milli milli eigenda efri hæðarinnar og rishæðarinnar.

Kaupanda er kunnugt um, að án sérstaks leyfis bæjarráðs Reykjavíkur er óheimilt að selja eign þessa þeim, er flutzt hafa til Reykjavíkur eftir 9. september 1941.

Að öðru leyti en að framan er sagt er eignin seld án kvaða og veðbanda.

Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs.

Ofanskráðu til staðfestu undirritum við nöfn okkar í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík, 11. febrúar 1955.

Bjarni Benediktsson
Páll Pálsson

Vitundarvottar:

[Handwritten signatures]